

Forvarnir í skólanum

Miklu máli skiptir að góð samskipti skapist innan skólans, innan bekkjarins eða hópsins og að hægt sé að ræða þau mál sem upp koma innan skóla og inni á heimilinu. Gott samband forráðamanna við skólann og börnin sjálf skiptir grundvallarmáli sem og að börnum sé kennd góð og jákvæð samskipti í skóla. Kennarar og starfsmenn eru börnum helstu fyrirmyndirnar í skólaumhverfinu.

Áætlun Grunnskóla Borgarfjarðar eystra til að fyrirbyggja einelti

- Heimsókn skólastjóra í bekki eða sameiginlegur tími (söngur og samskipti) í miðrymi í byrjun skólaárs þar sem farið er yfir hvað einelti er og að það líðist ekki í skólanum okkar. Einnig reifað hvert nemendur geta leitað ef þeir eru í vanda. Umsjónarkennarar ræði í framhaldinu við sinn bekk og kynni þeim áætlunina. Kennarar fá reglubundna fræðslu um einelti og áætlunina sem er í gildi.
- Einkunnarorð skólans höfð að leiðarljósi í öllum samskiptum og reglum.
- Skólareglur kveða á um að einelti sé ekki liðið. Umræða um skólareglur árlega að hausti með öllum nemendum.
- Umsjónarkennarar sér um að námshópurinn semji jákvæðar bekkjarreglur, þar eru hlutverk nemenda og kennara rædd.
- Allir starfsmenn gera nemendum grein fyrir mikilvægi góðra samskipta beint og óbeint.
- Nemendur fá fræðslu árlega hjá umsjónarkennara um vináttu og gildi góðra samskipta. Samskipti æfð reglulega í hópavinnu og í verkefnum í inni- og útitímum. Farið er í hópeflisleiki reglulega, lágmark einu sinni í mánuði í hvorum hópi um sig, vináttuvika er haldin að hausti, vakin er athygli á baráttudegi gegn einelti ofl. Unnið er markvisst að því að auka víðsýni, umburðarlyndi og fordómaleysi nemenda skv. Aðalnámskrá og öðrum áætlunum í öllum námsgreinum.
- Unnið er markvisst að því að láta nemendur á öllum stigum vinna saman að verkefnum.
- Öll jákvæð og óformleg samskipti er af hinu góða, t.d. bekkjarkvöld, spilakvöld, ferðir, hópavinna, foreldra- og nemendakvöld, foreldrafundir o.fl. Allt stuðlar þetta að

Því að bæta skólabrag og bekkjarandann og er sett á skóladagatal. Umsjónarkennarar halda tvær bekkjarsamkomur á skólaárinu, eina fyrir jóla og aðra á vorönn.

- Unnið er markvisst í skólanum að því að nemendur við skólann þrói með sér jákvæða og heilbrigða sjálfsmynd. Samkvæmt rannsóknum á einelti skiptir jákvæð sjálfsmynd gríðarlegu máli þegar fyrirbyggja á einelti.
- Umsjónarkennari hefur samband við foreldra til að upplýsa um góð og slæm samskipti (m.a. liður í foreldraviðtali, hluti af frammistöðumati)
- Eftirlit með nemendum í frímínútum er í samræmi við einkunnarorð og skólareglur.
- Kennarar skulu ekki skilja nemendur eftir eftirlitslausa í tímum nema mjög brýna nauðsyn beri til.
- Kannanir á tengslum og líðan lagðar fyrir nemendur tvisvar á ári.
- Innleiðing nemendaviðtala frá og með skólaárinu 2015-2016
- Fræðsla til handa foreldrum, helst árlega í ýmsu formi, gestir, fyrirlestrar áhugaverðar greinar o.s.f.v. um það sem styður við góðan skólabrag og heilsueflingu
- Fræðsla til handa öllum starfsmönnum helst árlega í ýmsu formi, gestir, fyrirlestrar. áhugaverðar greinar o.s.f.v.
- Niðurstöður foreldra-nemenda- og starfsmannakannanna eru nýttar til að bæta skólastarf þ.á.m. eineltisáætlunina.
- Nýir kennarar eru upplýstir um áætlunina og farið er yfir hana á fyrstu starfsdögum að hausti.